

Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.

Undirritaður(Guðmundur Harðarson) mótmælir fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi fyrir vindrafstöðvar í Þykkvabæ.

Ég er eigandi að jörðinni Smáratúni sem er í einungis 250 metra fjarlægð frá syðri vindrafstöðinni. Og tel ég frekari stækkun á þessum rafstöðvum þrengja mjög að mínum framtíðarmöguleikum varðandi byggingu húsnæðis á jörðinni. Þessar vindrafstöðvar eru nú þegar of stórar og alltof nálægt og af þeim stafar talsvert ónæði m.a. í formi hávaða, skuggaflökts og ljótleika og ekki hefur ásyndin batnað við að hafa þessar brunarústir uppistandandi síðasta hálf árið og lýsir það ekki mikilli umhverfisvitund eiganda að ekki sé búið að fjarlægja þetta fyrir löngu og gefur kannske vísbendingu um hvers vænta megji í framtíðinni. Það var skilningur flestra íbúa þegar þessar vindrafstöðvar voru reistar að um væri að ræða tilraunaverkefni sem væri að fullu afturkræft ef íbúar hefðu af þessu ama. Ljóst er að þessar vindrafstöðvar eru alltof nálægt byggðinni og ætti frekar að rífa þær niður heldur en leyfa á þeim stækkun sem væntanlega þýddi að þarna yrðu þær áfram til langrar framtíðar. Í kafla 4.3 er því haldið fram að ekki fáiast lengur samskonar rafstöðvar en samt tók það undirritaðan ekki nema 2 mínútur að finna yfir 60 slíkar til sölu með hjálp Google. Í ljósi þess að á reitnum er einungis leyfilegt að hafa uppsett afl að hámarki 2 MW þá væri kannske ekki úr vegi að eigandi skýrði það nánar hversvegna þörf er á 66 metra þvermáli mótors (spaða) því s.m.k.v mínum heimildum eru vindrafstöðvar með 66 metra þvermáli spaða ekki framleiddar minni en 1,5 MW sem þýðir að 2 slíkar eru þá samtals 3 MW og þá er framkvæmdin orðin matskyld.

Þykkvabæ 28 desember 2017 Guðmundur Harðarson

